

243. fundar stjórnar LSS haldinn þriðjudaginn 12.01.2016

kl. 09:30-12:00 á skrifstofu LSS Brautarholti 30, 105 Reykjavík.

Mættir: SBB, FH, KKG, NP, SLS, VLF

1. Fundargerð síðasta fundar.

Sp.

2. Inntaka nýrra félaga

Guðjón Hólm Gunnarsson Neyðarvörður sp.

Matthea Kristjánsdóttir Neyðarvörður sp.

3. Starf milli funda

Framkvæmdastjóri fer yfir starfið á síðustu vikum.

Bókhaldið verður tilbúið í febrúar.

Eldvarnaátakið gekk vel og allir styrkir skiluðu sér fyrir áramót. Viðurkenningar vegna eldvarnagetraunarinnar verða afhent á 1.1.2 deginum, 11. febrúar.

Kjarasamningar fyrir sjúkraflutningamenn við ríkið voru undirritaðir í desember og eru afturvirkir. Bókað var að endurskoða starfsvettvang og kjör hlutastarfandi með það í huga að færa þá í betri kjarasamning. Skal þessu lokið 2016.

LSS tók yfir Styrktarsjóðinn um áramótin og búið er að semja úthlutunarreglur.

Unnið í breytingum á reglum Starfsmenntunarsjóðs.

Kjarasamningaviðræður við sveitarfélögin hófust í desember.

Uppsagnir eru í gangi hjá HSA vegna yfirfærslu sjúkraflutninga til Brunavarna Austurlands.

Innheimtur kostnaður v vinnu lögfræðings LSS við að fá greitt „akstur til og frá vinnu“.

Gagnaöflun vegna dómsmáls við Fjarðabyggð

Hólmavík er farið að greiða félagsgjöld af slökkviliðsmönnum.

4. Styrktarsjóður LSS

Ákveðin reglugerð fyrir sjóðinn. Verður lagt fyrir ársþingið.

5. Starfsmenntunarsjóður LSS

Farið yfir drög stjórnar að reglugerð.

6. Þing LSS

Það verður haldið 15. – 16. apríl í Lágmúla.

Skerpa þarf á lögum og reglum félagsins m.a. þannig að leita þarf samþykki stjórnar félagsins um breytingar á reglugerðum sjóða félagsins.

Stefnt að því að fundur annarar Fagdeildarinnar verði á föstudagsmorgni.

Uppstillinganefnd; Ólafur Stefánsson, Steinn Jónasson, Arnoddur Þór Jónasson.

Undirbúningsnefnd. Athuga með að fá Borgar sem þingritara.

7. Fagdeild. Sjúkraflutningar

Endurnýjun „Vinnuferla“. Málið er komið til yfirlæknis utanspítalaþjónustu, sem segist ætla að sjá um það sjálfur.

Varðandi menntun þá er stefnt á að byrjunin sé í staðarnámi og síðan í fjarnámi.

Varðandi bílamál, ekki er búið að semja um þau við Rauða krossinn. Samningurinn rann út

um áramót.

8. Fagdeild Slökkviliðsmanna

Atvinnumannanám hefst 1. febrúar. Fagráðið ákvað að skipa nefnd til að skipuleggja námið. Vor haustönn, tveir hópar, staðarnám og fjarfundanám. Meiningin er að fá síðan kennara hjá VMA til að meta námið til eininga.

Rætt um að klára fundarferð um landið.

9. Fagdeild Slökkviliðstjóra

10. Samningar SNS, SNR og LSS

Kjarasamningsgerð fyrir sjúkraflutningamenn lauk í desember. Viðræður við sveitarfélögin hófust 21. desember eftir að LSS vísaði þeim til Ríkissáttasemjara.

11. Önnur mál:

a) Mál hjá lögfræðingum

LSS hefur verið með kröfu fyrir hönd IGG á BS vegna „akstur til og frá vinnu“. Formaður stjórnar BS samþykkti að BS muni greiða lögfræðikostnað LSS í málinu og er það uppgert. Eftir er að ganga frá greiðslum fyrir þá sem eiga inni samkvæmt grein 5.8.2.

Frávísurnarkrafa Snæfellsbæjar verður tekin fyrir 21.01, og 26.01 í máli Fjarðabyggðar.

c) Tryggingamál. V-form fór á fund með lögfræðingi og tryggingafélagi sem mælast til þess að LSS láti reikna út kostnað við iðgjöld samkvæmt skaðabótalögum.

d) Endurnýjun meiraprófs. Umræður um hver eigi að greiða kostnað við það.

e) Umræður um hvort LSS taki þátt í tölvukostnaði hjá formönnum Fagdeildanna.

f) Mál GMD – Fulltingi hefur og er að bíða eftir gögnum frá honum.

Fundi slitið 12:40